

# LANDABRÉF


**Fréttabréf Landfræðifélagsins**

---

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Emil Bóasson,  
Snekkjuvogi 5, 104 Reykjavík.

3. tbl. 4. árg. nóvember 1982.

---



INGA INGIBJÖRD  
BRÖTTUBREKKU 1  
200 KOPAVOGI

Landfræðifélagið

Fyrirlestrar veturinn 1982 - 1983.

Í vetur er fyrirhugað að halda fjóra fyrirlestra, einn fyrir áramót og þrjá eftir áramót.

Fyrsti fyrirlestur verður 8. nóvember næstkomandi og fjalla þeir Bjarni Reynarsson og Valtýr Sigurbjarnarson um „Verzlunarkönnun í Reykjavík 1981“.

Annar fyrirlestur er á dagskrá í janúar og hefur Sigurður Sigursveinsson gefið vilyrði fyrir að skýra frá verkefni er hann vann í námi sínu í Kanada.

Þriðji fyrirlestur verður í umsjá Emils Bóassonar og fjallar hann um fjarkönnun. Sá fyrirlestur verður í febrúar.

Fjórði og síðasti fyrirlesturinn verður væntanlega í mars og mun þá Theódór Theódórsson fjalla um verkefni sitt í landafræði er snertir Skaftárelda 1783. Nánar verður greint frá hverjum fyrirlestri um sig þegar að honum kemur, líkt og verður gert með fyrsta fyrirlesturinn hér á eftir.

Fyrsti fyrirlestur.

Bjarni Reynarsson og Valtýr Sigurbjarnarson fjalla um „Verzlunarkönnun í Reykjavík 1981“. Fundarstaður er í Árnagarði, stofu 201, og fyrirlesturinn verður haldinn mánudaginn 8. nóvember næstkomandi kl. 20<sup>30</sup>. Allir velkomnir. Hér á eftir fylgir efniságríp þessa fyrirlestrar.

Síðari hluta árs 1980, hófst nokkur umræða meðal þeirra sem vinna að skipulagsmálum í Reykjavík, um skort á stefnumörkun og framkvæmdaáætlun í verslunar- og miðbæjarmálum borgarinnar. Vinna við deiliskipulag í miðborginni stóð þá yfir og í ljós kom, að skortur á upplýsingum var til trafala.

Í þessu sambandi vöknúðu ýmsar spurningar um skipulag verslunar og þjónustu, sem leita þurfti svara við. Má þar til dæmis nefna:

- Hve stóran hlut miðbæjarsækinna starfsemi er æskilegt að hafa í miðborginni?
- Er æskilegt að nýr miðbær rísi í Kringlumýri, eins og kveðið er á um í Aðalskipulagi Reykjavíkur?
- Hvernig er hlutfallið milli stórmarkaða og minni verslana?
- Hvað hefur litlum matvöruverslunum fækkað mikið síðasta áratug?
- Er líklegt að þeim haldi áfram að fækka og að hverju er rétt að stefna í þeim efnum?


Margar fleiri spurningar mætti nefna, en þær sem upp hafa verið taldar, ættu að nægja til að sýna hvað ýtti verkinu af stað. Upp úr þessari umræðu varð til verkáætlun sem skipulagsnefnd samþykkti að unnið yrði eftir.

Í skýrslunni er gerð grein fyrir fræðilegum grundvelli verslunarlandafræði og nokkrum könnunum sem hafa verið gerðar hér á landi.

Þá er getið helstu breytinga sem orðið hafa á verslun á höfuðborgarsvæðinu næstliðin 20 ár. Smásöluverslunum er skipt í 28 flokka og fjallað ítarlega um stærð og dreifingu þeirra.

Könnun var gerð á kaupvenjum fólks í 11 verslunum og niðurstöður hennar notaðar, ásamt öðrum upplýsingum, til að meta ástandið í dag og reyna út frá því að gera sér grein fyrir æskilegum breytingum í framtíðinni.

SMÁSÖLUVERSLANIR Í REYKJAVÍK 1981



MATVÖRUVERSLANIR

Flatarmál verslana +

- 0 - 49 m<sup>2</sup>
- 50 - 99 -
- 100 - 199 -
- 200 - 399 -
- 400 - 799 -
- 800 - 1599 -
- > 1600 -

⊕ byrjunarkennitala  
Staðir í km